



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (afnám refsingar) HRN22060088.
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Heilbrigðisráðuneytið / María Sæm Bjarkardóttir.
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	24. júní 2022.

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Á 143. löggjafarþingi var samþykkt þingsályktun nr. 44/143, um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum vímuefnaneyslu, til aðstoðar og verndar neytendum efnanna og félagslegum réttindum þeirra, aðstandendum þeirra og samfélaginu í heild. Í kjölfarið skipaði heilbrigðisráðherra starfshóp sem vann að mótun stefnunnar og skilaði Alþingi skýrslu á 145. löggjafarþingi, en meðal tillagna í skýrslunni er afnám fangelsisrefsinga fyrir vörslu á neysluskömmtum.

Á 150. löggjafarþingi voru samþykkt lög um breytingu á lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni (neyslurými), þar sem hugmyndin var að fólki væri ekki vísað frá neyslurými væri það með efni á sér innan marka neysluskammta og væri látið afskiptalaust af lögreglu á svæðinu.

Á sama löggjafarþingi var lagt fram þingmannafrumvarp þess efnis að heimila vörslu ávana- og fíkniefna í takmörkuðu magni sem talist getur til eigin nota þess sem hefur það undir höndum. Frumvarpið var ekki afgreitt. Í kjölfarið fór af stað vinna í heilbrigðisráðuneytinu þar sem höfð var hliðsjón af efni fyrrgreinds þingmannafrumvarps og þeim athugasemdum sem bárust vegna þess við þinglega meðferð.

Á 151. löggjafarþingi mælti ráðherra fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta) en það náði ekki fram að ganga.

Í mars 2022 skipaði heilbrigðisráðherra starfshóp sem fékk það hlutverk að vinna að endurbættu frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni (afglæpavæðing neysluskammta). Í erindisbréfi starfshópsins kemur fram að hópnum sé falið að skilgreina dagskammt eða neysluskammt í tengslum við framangreinda vinnu og er áætlað að setja þá skilgreiningu í reglugerð sem lögð verði fram með endurbættu frumvarpi. Sú vinna stendur yfir og er gert ráð fyrir að starfshópurinn skili niðurstöðu sinni næsta vetur. Í þeirri vinnu sem nú þegar hefur farið fram í hópnum er talið ljóst að heiti fyrra frumvarps, afglæpavæðing neysluskammta, endurspegli ekki nægilega vel hlutverk starfshópsins. Á þessari stundu er því lagt upp með að nefna frumvarpið afnám refsingar, enda tilgangurinn að afnema refsingu veikasta hópsins þegar þeir einstaklingar eru með í vörslu sinni dagskammt eða neysluskammt tiltekinn efni á tilteknu magni.

Starfshópurinn skipa fulltrúar sem endurspeгла samfélagið í þeim tilgangi að fá uppbyggilega og gagnrýna umfjöllun um verkefnið og ná fram niðurstöðu sem verði ásættanleg fyrir samfélagið í heild. Hópurinn skipa 13 fulltrúar frá heilbrigðisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, Lyfjastofnun, embætti landlæknis, Frú Ragnheiði (RKÍ), Afstöðu – félagi fanga, ríkissaksóknara, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, ríkislögreglustjóra, SÁÁ og fulltrúi notenda.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Að koma til móts við þarfir fólks sem veikast er í samfélaginu úr hópi notenda ávana- og fíkniefna.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Öll varsla ávana- og fíkniefna er óheimil og refsiverð á íslensku forráðasvæði í dag samkvæmt lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni. Ef stjórnvöld ákveða að breyta því í þeim tilgangi að aðstoða veikasta hópinn má gera ráð fyrir að lagabreytingu þurfi til.
B. Markmið
1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki Frumvarpið fellur undir málefnasvið 32 um lýðheilsu og stjórnsýslu velferðarmála í gildandi fjármálaáætlun. Heilbrigðisráðherra ber ábyrgð á málaflokknum en lögð er áhersla á samvinnu við aðra ráðherra varðandi málaflokka sem eiga sameiginlega tengifleti, svo sem vegna forvarna. Með lýðheilsu er átt við aðgerðir hins opinbera og annarra sem miða að því að viðhalda og bæta heilbrigði, líðan og aðstæður einstaklinga, þjóðfélagshópa og þjóðarinnar í heild með heilsueflingu, forvörnum og heilbrigðisþjónustu. Mikilvægt er að skapa fólki aðstæður í samfélaginu sem auðvelda því að stuðla að og efla heilbrigði og heilbrigðan lífsstíl. Forvarnir eru aðgerðir sem beinast að samfélaginu öllu og miða m.a. að því að efla heilbrigði og fyrirbyggja sjúkdóma. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er þess getið m.a. að það séu sameiginlegir hagsmunir þjóðarinnar, efnahagslegir og félagslegir, að lögð sé aukin áhersla á lýðheilsu, forvarnir og geðheilbrigðismál. Mikilvægt er því að leggja áherslu á skaðaminnkun og að draga úr neyslu- og fíknivanda. Einn liður í því er að koma veikasta hópnum til aðstoðar með skaðaminnkun í huga sem gagnast samfélaginu í heild. 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda Stefnt er að því markmiði að koma í veg fyrir frekari afbrot veikasta hópsins með því að refsa honum ekki fyrir vörslu neysluskammta.
C. Leiðir
1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það? Við óbreyttar aðstæður verður veikasta og jaðarsettasta hópnum áfram refsað fyrir vörslu dagsskammta eða neysluskammta sem leiðir til frekari afbrota og frekari jaðarsetningar sem hefur verri áhrif fyrir samfélagið í heild. 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið Starfshópurinn mun meta hvort aðrar leiðir séu mögulegar, en sú vinna stendur nú yfir. 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu - Breyting á lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni. - Ný heildarlög um afnám refsingar. - Starfshópur mun skoða allar mögulegar leiðir til að ná því markmiði að koma í veg fyrir frekari afbrot og skaðlegar heilsufarslegar afleiðingar fyrir veikasta hópinn með því að refsa honum ekki fyrir vörslu neysluskammta.
D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?
1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni Áformað er að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, til að afnema refsingu fyrir tiltekinn hóp í tilteknu magni vegna tiltekinna efna. Talið er að með þessu sé stuðlað að því að taka skref í átt frá refsistefnu í málaflokknum. Ef starfshópurinn kemst að þeirri niðurstöðu að önnur leið sé fær, verður hún skoðuð. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott Starfshópurinn er að skoða allar mögulegar leiðir.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei.

2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? 11. og 13. gr. EES-samningsins. Nei. 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Starfshópurinn skoðar hvort taka þarf tillit til annarra grundvallarlöggjafar.
F. Samráð 1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Jaðarsett fólk sem er 18 ára og eldra og neytir ávana- og fíkniefna sem talinn er veikasti hópurinn. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Já, við dómsmálaráðuneytið, vegna málefna ríkissaksóknara og lögreglu sem framfylgir lögum um ávana- og fíkniefni. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram. Fulltrúar í starfshópi ráðherra eru alls þrettán sem endurspegla allt samfélagið auk þess er gert ráð fyrir að víðtækt samráð eigi sér stað samhliða vinnu við gerð nýs frumvarps og reglugerðar. 4. Fyrirhugað samráð Fyrirhugað er að birta áform um lagasetningu og frummat á áhrifum í samráðsgátt stjórnvalda. Þá er jafnframt fyrirhugað að birta drög að frumvarpi og reglugerð til samráðs í samráðsgátt stjórnvalda.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er 1. Niðurstaða frummati á áhrifum, sbr. fylgiskjal. Frummat gerir ekki ráð fyrir breytingu á afkomu ríkissjóðs og/eða eignastöðu.
H. Næstu skref, innleiðing 1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Nei, en starfshópur ráðherra vinnur að stöðumatsskýrslu. 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Liggur ekki fyrir að svo stöddu. 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Starfshópurinn hefur það í huga við vinnu sína. 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu. Starfshópurinn mun gera tillögu um mælikvarða. 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Starfshópurinn mun huga að því.
I. Annað
J. Fylgiskjöl 1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað. 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum. Nei.